



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 1
101 Reykjavík

postur@anr.is

Reykjavík, 7. desember 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um Kríu- sprota- og nýsköpunarsjóð.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) taka til umsagnar drög að reglugerð um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð (Kríu) sem settur var á fót með lögum nr. 65/2020. Samtökin hafa áður, við ýmis tilefni, lýst yfir stuðningi við Kríu og telja markmið sjóðsins um eflingu fjárfestingarumhverfis sprota- og nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi mikilvægt.

Samtökin vilja þó gera athugasemdir við 6. lið 2.gr. reglugerðarinnar, skilgreiningu á *viðurkenndum rekstraraðila*, nánar tiltekið eftirfarandi niðurlag:

„...og er ekki hluti af eða tengdur öðrum lögaðila sem hefur aðra meginstarfsemi en fjárfestingar í sprota og nýsköpunarfyrirtækjum.“

Samkvæmt þessu eru sérhæfðir sjóðir, sem fjárfesta öllu heildarfjármagni sem fjárfestar hafa skráð sig fyrir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, og uppfylla að öðru leyti öll skilyrði, útilokaðir frá mótframlagi frá Kríu ef þeir eru tengdir öðrum lögaðila sem hefur aðra meginstarfsemi, svo sem fjármálafyrirtæki eða öðru félagi sem stundar fjárfestingar á öðrum sviðum. Samtökin leggja þunga áherslu á að þessu verði breytt og að ekki verði girt fyrir aðkomu Kríu að vísisjóðum í rekstri aðila sem jafnframt eru rekstraraðilar annars konar sjóða, að því gefnu að þeir uppfylli önnur skilyrði. Telja samtökin ákjósanlegast að stjórn Kríu ákvarði hvort umsókn sjóðs uppfylli þær kröfur sem settar eru og samræmast markmiðum með Kríu.

Framtíð íslensks atvinnu- og efnahagslífs veltur á fjárfestingu í nýsköpun. Í því sambandi skiptir máli að fjármagn frá lífeyrissjóða- og fjármálakerfi fylgi með á þeirri vegferð. Samtökin leggja áherslu á að fagmennsku sé gætt í hvívetna við ákvarðanatöku um fjárfestingar Kríu en telja ekki skynsamlegt að útiloka tiltekna rekstraraðila fyrirfram og leggja því til að ofangreint orðalag verði fjarlægð úr reglugerðinni.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson,
framkvæmdastjóri

f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri.